

Læknaþlaðið hefur beðið nokkra lipra penna í læknaþétt að senda blaðinu hugleiðingar sínar í dagsins önn.

Læknir í Londres

Ferdinand Jónsson

geðlæknir í London

ferdinandjonsson@aol.com

Ég vinn sem læknir geðveikra í Tower Hamlets, einu fátækasta hverfi Austur-Lundúna. Þannig hafa hlutirnir einhvern veginn æxlast.

Ef til vill hljómar þetta eins og djúpstæður, vandræðalegur Messíasarkomplex. Sem ætla engan enda að taka ... Ekki er þó allt sem sýnist.

Geðlæknisfræðin situr ögn utan við aðrar sérgreinar læknisfræðinnar. Og víst er að fordómarnir gegn okkar skjólstæðingum eru gamlir en kraftmiklir. Prófessor Tómas Helgason heitinn sagði að þannig yrði það ef til vill áfram. Dauðaóttinn blikni nefnilega í samanburði við þann frumótta okkar að missa vitið.

„There comes the pest control,” voru orð sem mætur sérfræðingur í skurðlækningum lét falla um starfsbróður minn. Sá síðarnefndi kom til að meta geðveikan mann á skurðeild Konunglega Lundúna-sjúkrahúsins í Whitechapel.

En ekki er allt sem sýnist. Þessar hugmyndir og skopskyn okkar ágæta starfsbróður setja nefnilega engan annan niður en hann sjálfan. En þrátt fyrir að kunnátta í varnarháttum sjálfsins hjálpi við að verja okkar fag og okkar sjúklinga eru þessar hugmyndir einnig dapurlegar.

Hvernig á að fá gott fólk til að nema okkar fræði? Hvernig á að taka á þessum frumstæðu hugmyndum sumra okkar ógeðlæknismenntuðu stéttsystkina? Hvar sem farið er um víðar lendur lækn-

isfræðinnar eru erfiðustu sjúklingarnir ævinlega þeir sem einnig þjást af geðsjúkdómum. Það góða fólk sér fordómanna sem sitt mesta bö. Bendir á annað heilbrigðisstarfsfólk sem aðaleigendur þessara hugmynda.

Þetta gefur samt byr í seglin. Og margur fær fjasað milli mjalta. En eins og annað fullorðið fólk verð ég, og fólk í mínu fagi, að axla ábyrgð á lausn þessa vanda. Að hluta felst hún í því að sinna vel því unga fólk sem kemur til okkar sem nemar. Að skara fram úr. Berjast þó að stríðið muni aldrei enda.

Þeir ágætu nemar sem rata inn á stofugang íslenska læknisins í Tower Hamlets fá sína fyrstu lexíu beint í andlitið. Að taka ábyrgð á eigin neikvæðu hugmyndum gagnvart sjúklingunum. Eins og framúrskarandi nema er háttur taka þau pistli dagsins yfirleitt af auðmýkt. Læra síðan að hlusta, gera geðskoðun, greina sjúkdómanna og hugsa um meðferðarúræðin á heildrænan hátt. Reyna að horfa á bak við veikindin. Mæta af virðingu þeim einstaklingum sem hafa marga fjöruna sopið. Sjá manneskjuna í sínum mikilfengleika. Bera því vitni hvernig fólk nær heilbrigði og lífsgæðum eftir svaðilfarir í dölunum dimmu.

En margur viðkvæmur öðlingurinn ratar einnig til okkar sem nemi. Verkefnið er að styðja þá mikið og vel svo að þær sorgir sem geðdeildin hýsir fæli ekki frá þá sem kunna að tengjst öðrum af tillitssemi og virðingu. Þá sem sjúklingarnir okkar vilja.

Til sögunnar koma varnir. En þær verða að vera nokkurskonar hansagardínur. Renna upp og niður. Og vert er að hafa



í huga að í grunninn er gott geðapparat samansafn af vatnsberum. Rétt eins og stytan hans Ásmundar Sveinssonar. Starfslýsingin er að kunna að bera fötur fullar af von, níu til fimm.

Hér gagnast gardínur. Að reyna að vinna traust og ná meðferðarsambandi. Sýna einlægni en einnig fagmennsku. Setja sjúklingana og fólk þeirra í öndvegi í okkar vinnu. Hjálpa þeim að læra að takast á við veikindin og taka ábyrgð. Við verðum að halda áfram alla daga starfsævinnar með hrein skil á milli okkar lífs og þeirra. Ekki ræna sorgum sem aðrir eiga. En það þarf einnig að taka gardíurnar niður þegar tengslum og fagmennsku er náð. Og fylla þannig föturnar aftur hjá því góða fólk sem hefur öðlast þá færni að ná nokkurskonar yfirhönd í sinni glímu. Njóta þeirra forréttinda að fá gæsa húð á fullum launum.

Í Tower Hamlets blandast saman fólk frá öllum kimum jarðar. Vandamál okkar mannanna eru þó hin sömu. Og maður upplifir það undur að sjá að ofar trúnni, menningunni og siðunum er himinninn á tíðum heiður. Þetta mannlega sem tengir okkur öll. Og hjartað finnur samhljóm í því að fá að gera eitthvað sem skiptir máli. Í glímunni stóru við raunveruleikann. Að fá að fagna þegar vel gengur. Dást að hetjum. Að hafa á tilfinningunni að jafnvel sé allt sem sýnist í örstutta stund.

Með góðum kveðjum heim.